

birta

tólf stig

KENNARABLOKKIN

»Frumbýlingar fyrir
fimmtíu árum

TÍSKA

»Stuttbuxur fyrir
sumarið

MATUR

»Aspas í matinn

» *Guðlaug Jónsdóttir:*

HÖNNUÐUR Á HEIMSMÆLIKVARÐA

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
19. maí - 25. maí

L' O R



CLAUDIA SCHIFFER

É

A

L PARIS

DERMO-EXPERTISE

Fyllir upp og dregur úr hrukkum,
hvern dag.

COLLAGEN FILLER WRINKLE DE-CREASE

NÝTT ÖFLUGT HRUKKUVERNARKREM.



Fylling í hrukkurnar frá yfirborði húðarinnar

- Fyllir strax upp í hrukkurnar.
- Myndar ljósbrotsáhrif þannig að hrukkurnar virðast grynna.
- Sílikonkennt tvívirgni krem sem fyllir upp í hrukkurnar frá yfirborðinu.



Hrukkurnar sléttast

- Lífræn upptaka kollagens í húðinni margfaldar umfang þess allt að 9 sinnum þegar það blandast raka húðarinnar.
- Hrukkurnar sléttast.*

SÖNNUÐ ÁHRIF:

Sýnilegar hrukkur: **- 20 %** eftir fyrstu notkun**

Færri djúpar hrukkur: **65 %** staðfesta fyllingar-áhrif***

Fáið fleiri ábendingar og góð ráð á www.lorealparis.dk

DERMO-EXPERTISE.
FRÁ ÞEKKINGU TIL FEGURÐAR.

ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.



* Prófað í smásjártektjum.
** Prófað á rannsóknarstofu á 39 konum.
*** Prófað á 107 konum.

MARKVISS HRUKKUVÖRN FRÁ 35 ÁRA ALDRI.

L'ORÉAL
PARIS

Það þarf ekki
að stimpla sig
inn hér

KB LÍFEYRIR

... þú átt það inni!

Þegar þú þarft ekki lengur að mæta til vinnu eftir langa starfsævi viltu njóta lífsins. Búðu þig undir spennandi starfslok með því að ávaxta skyldu- og viðbótarlífeyrissparnaðinn þinn hjá KB banka í KB Lífeyri.

Yfir 70 þúsund einstaklingar eru með lífeyrissparnað sinn í KB Lífeyri og þeir sem eru einnig í viðskiptum við KB banka njóta enn betri kjara í bankapjónustu.

Kynntu þér þá kosti sem í boði eru í næsta útibú KB banka, hringdu í ráðgjafa í síma 444 7000 eða farðu á kblifeyrir.is





14



18



38



44

Þetta helst

- 7 Áfram Ísland
- 8 Tíðarandi
- 10 Júrónisjónbrennsla Páls Óskars
- 10 Nýtt
- 12 Barði í BangGang færir sig yfir í klassíkina

Viðtöl

- 14 Guðlaug Jónsdóttir:
Heimshornahönnuður
- 18 Kennarablokkinn:
Frumbýlingar fyrir fimmtíu árum

Hann/hún

- 24 Aspas í matinn
- 30 Stuttbuxur fyrir sumarið
- 32 Heimilið úti
- 34 Emilfa elur upp
- 36 Góðir staðir fyrir fjölskylduna
- 38 Evróvisjónpartí
- 40 Jóhanna segir kynjasögur
- 40 Stjörnuspá
- 42 Óhefðbundnar lækningar
- 44 Bakverkir

Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarpsdagskrá næstu viku
- 64 Sudoku

birta

19. maí – 25. maí 2006 nr. 20

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar
RITSTJÓRAR: Sigríður Björg Tómasdóttir
sigridur@frettabladid.is
og Steinunn Stefánsdóttir (ábm.)
steinunn@frettabladid.is
RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:
Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000
DREIFING: Pósthúsið ehf., sími 585 8330

AUGLÝSINGAR:
Jón Laufdal / jonl@frettabladid.is
Sölustjóri 550 5845 / 899 7600
Guðný Magnúsdóttir / gudnymagg@365.is
Markaðsfulltrúi 550 5854 / 866 0796
Greta Karen Grétarsdóttir / gretakaren@frett.is
Markaðsfulltrúi / 550 5864 / 846 5772
Ámundi Ámundason / amundi@frettabladid.is
Markaðsfulltrúi 550 5811 / 821 7514

UMBROT: 365 – prentmiðlar - Einar Elí Magnússon,
Arnór Bogason og Linda Stefánsdóttir
PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.
FORSÍÐUMYND: Coeelia Ye
NETFANG: birta@frettabladid.is

Birtu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.

Klink fyrir börnin

Nú getur fjölskyldan flogið saman fyrir **ódýrara fargjald á manninn en nokkru sinni fyrr.**

Tilvalið til að bregða sér af bæ, heimsækja afa og ömmu eða gera eitthvað annað skemmtilegt.

1 kr. aðra leiðina

+ 739 kr.

(flugvallarskattur og tryggingargjald)

Þetta einstaka tilboðsfargjald

- gildir til allra áfangastaða Flugfélags Íslands innanlands
- er fyrir börn 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun
- gildir 15. - 30. maí
- býðst eingöngu þegar bókað er á netinu www.flugfelag.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Taktu flugið



Texti: TRYGGVI GUNNARSSON
Mynd: HEIÐA



Áfram Ísland!

Við erum furðuleg þjóð. Ár eftir ár sendum við keppendur í keppni sem allir aðrir virðast líta á sem góðlátlegt grín. Við hins vegar ætlum okkur alltaf sigur. Við streðum og streðum og montum okkur af góðum árangri á blaðamannafundum og okkur finnst við yfirleitt hafa besta lagið. Það kemur þess vegna alltaf jafn mikið á óvart þegar við verum 16. sætið. Allt frá því að Eiríkur Hauksson og félagar gengu á svið og sungu um bankann sem geymdi gleðina, hefur íslenska þjóðin fyllst

stolti og ást þegar keppendur okkar stíga á svið í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. Þessi ást er, að því er virðist, fólksvalaus og eilíf. Við elskum Júróvisjón, við elskum að hittast og skemmta okkur yfir Júróvisjón, og við elskum að hneykslast á því að okkur gangi ekki sem skyldi. Við elskum þig Silvía Nótt sama hvernig fer. Við getum ekki öll leyft okkur að sýna þessa ást á opinberum vettvangi en vertu viss um að heima í stofu, fyrir framan sjónvarpið, sýnum við okkar rétta andlit.

Heitt

folgt

Hvorki heitt né kalt

Við stofuhita

skalt



ÖLVUNARAKSTUR

Brúnað niður
brekkurnar

Pessa dagana má sjá börn og unglinga á hjólabrettum úti um allan bæ. Hjólabretti eru greinilega þægilegur ferðamáti þegar sólin skín og hlýtt er í veðri, fyrir þá sem kunna á þau. Í mörgum tilfellum er ferðinni heitið niður á Ingólfstorg þar sem leiknar eru hinar ótrúlegustu listir, að minnsta kosti í augum þeirra sem ekkert kunna með hjólabretti að fara. En æfingin skapar meistarann svo þeir sem hafa áhuga á því að slást í hóp þeirra sem ferðast um bæinn á hjólabretti ættu bara að prófa sig áfram og ekki láta neitt stoppa sig. Öruggara er þó að nota hjálma og hlífir á meðan tökum á tækinnni er náð.

Það eru ekki eingöngu þrautreyndir hestamenn sem geta notið þess-
rar skemmtilegu útivistar. Með
tilkomu hestaleigna getur almenn-
ingur komist í tæri við náttúruna
frá allt öðru sjónarhorni auk þess
sem fólk lærir að umgangast hest-
inn. Það ætti enginn að láta það
tækifæri framhjá sér fara ef það
bíðst að skella sér á hestbak.



Búlgarski kvennakórinn Angelite heldur tvönnu tónleika á Listahátíð
á laugardag og sunnudag kl. 16.00



Englasöngur á jörðu niðri

Leynardómsfull og allt að því yfirsíkvitleg efnisskrá kórsins inniheldur m.a. tónlist frá Balkanskaga og tónlist rétttrúnaðarkirkjunnar. Sá kvennakór sem nýtur meistarar hylli í heiminum í dag.

„Hljómur sem er mitt á milli þess að vera trúarlegur
og að hlusta á Björk syngja. Kemst næst því að hlýða
á englasöng á jörðu niðri” – Time Out, New York



Hallgrímskirkju 20. og 21. maí. kl. 16.00. Miðaverð: 2.800 kr.

Miðasalan Bankastræti 2:

Opin virka daga kl. 12 til 18, um helgar kl. 12 til 16.

Sími 552 8588

Miðasala á netinu á www.listahatid.is

Miðasala við innganginn hefst klukkustund fyrir viðburð

Listahátíð í Reykjavík





brennslan mín ...

Páll Óskar Hjálmtýsson poppstjarna

Dúndrandi Evróvisjón-partí

Að sjálfsögðu kom fátt annað til greina en að fá sjálfan Pál Óskar til að setja saman sjóðheita Evróvisjón-brennslu að þessu sinni. „Samkvæmt nýjustu talningu hafa rúmlega eitt þúsund lög verið send í Eurovision keppnina í fimmtíu ára sögu hennar, þannig að ég ætla ekki einu sinni að reyna að gera tæmandi tíu laga lista yfir málupáhaldslög. Ég ákvað bara að brenna töff partídisk, til að hita mig upp fyrir stemninguna um helgina,“ útskýrir Páll Óskar galvaskur en hann heldur sjálfur brjálað Evróvisjón-partí á Nasa á morgun, laugardag. Þar munu allir flottustu íslensku keppendurnir stíga á svið og taka sín bestu lög. Dúndur stuð eins og Palla er einum lagið.

TRACK 1	SVÍÐJÓÐ 1974 - ABBA - Waterloo. Fyrsta Eurovision minningin mín. Ég var fjögurra ára. Þetta lag er það besta sem gat komið fyrir Eurovision.
TRACK 2	ÍSRAEL 1978 - Izhar Cohen & Alpha Beta - A ba ni bi. Dúndrandi gyðinga-diskólag sem virkar alltaf.
TRACK 3	ÚKRAÍNA 2004 - Ruslana - Wild Dances. Það er allt á hárréttum stað í þessu lagi. Brjáluð keyrsla, ofurkraftur, ótrúleg ending.
TRACK 4	BRETLAND 1996 - Gina G - Ooh.. Aah.. Just a Little Bit. Lagið sem varð til þess að ég ákvað að taka þátt í keppninni.
TRACK 5	DANMÖRK 2001 - Rollo & King - I'll Never Ever Let You Go. Yndislegt góðhjartað kántrílag frá Baununum. Virkar ennþá. Mig grunar að Þjóðverjar ætli sér að leika sama leikinn nú í ár.
TRACK 6	SLÓVENÍA 2001 - Nusa Derenda - Energy. Þegar píanóið sprakk í tónlistarmyndbandinu. Einn af hápunktum keppinnar.
TRACK 7	ÍTALÍA 1975 - Wess & Dori Ghezzi - Era. Algjört æði. Lúshægt og skringilega freistandi reggílag sungið á ítölsku. Tíminn stoppar alltaf í þrjár mínútur þegar ég heyr þetta lag.
TRACK 8	BRETLAND 1976 - Brotherhood of Man - Save Your Kisses For Me. 90 prósent af öllum Eurovision lögnum eru drasl. Þetta lag er dæmi um algjört gull sem finna má í hinum tíu prósentunum.
TRACK 9	ÍTALÍA 1974 - Gigliola Cinquetti - Sì. Gigliola vann keppnina 16 ára gömul 1964 með „Non Ho L'età.“ Áratug síðar mætti hún aftur og næstum því hafði sigurinn af ABBA.
TRACK 10	RÚMENÍA 2006 - Mihai Traistariu - Torneró. Ég ætla að kjósa Mihai ef hann stendur sig vel á sviðinu. Auðvitað heldur maður samt með Sílviu Nótt. Hún var nú einu sinni kærastan mín.

HEIMAVÖRN SECURITAS



» birta mælir með ...

... **IT'S NEVER BEEN LIKE THAT MED PHOENIX** Stuðpiltar frá Frakklandi senda frá sér pottþetta plötu, hreinræktað indí-popp í einni af sinni bestu mynd. Einstaklega grípandi í alla staði og í raun hvergi veikan punkt að finna. Sumarleg, sæt og ætti vel að geta létt lundina hjá flest öllum.



... **MORGUNGÖNGUM** Nú er vorið komið og um að gera að nota það út í ystu æsar. Morgunganga fyrir vinnu (til dæmis í stað þess að fara í ræktina) er tilvalin leið til að fá sem mest út úr þessum mánuðum sem framundan eru, þegar bjart er frá því eldsnemma morguns og fram eftir öllu. Kyrrðin á morgnana er einstök, til dæmis er yfirleitt lygnara þá en þegar líður á daginn. Morgungangan getur verið margvísleg að eðli og umfangi en hér eru nokkrar hugmyndir: Neshringur, Helgafell í Hafnarfirði, Heiðmörk, Ægissíðustigurinn, Öskjuhlíð, Grasagarðurinn í Laugardal ...

... **HRADLESTINNI Á HVERFISGÖTU** Nammi nammi nammi. Gómsætir indverskir réttir berast augnabliki eftir pöntun. Malai Kebab kjúklingarétturinn er hreint unaðslegur. Kjúklingabringurnar eru marineraðar í rjóma og kryddi og grillaðar í Tandoori-ofni. Farið svöng því skammtarnir eru stórir og bragðlaukarnir tíma engu að leifa.



Talaðu við tærnar

NÝTT

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan ein löng og tvær stuttar hringingar glumdu í landsímanum um gjörvallar sveitir landsins. Í dag þykir ekkert tiltökumál að geta sent mynd og hljóð af sjálfum sér til annarra landa, jafnóðum og maður lætur móðann mása um brýn málefni á borð við djamm síðustu helgar og hvort Rachel og Ross hefðu í raun nokkurn tíma átt séns.

Og nú er þetta allt saman orðið örlítið skemmtilegra. Á vefsíðunni www.brando.com er til sölu vefmyndavél sem er eins og fótur í laginu. Fyrir utan að vera bráðfyndið borðskraut (og lykta minna en flestar aðrar tær) er innbyggð í myndavélina öflugt díóðuljós og hljóðnemi, með öðrum orðum allt sem þú þarft til að blaðra við vini þína í gegnum netið. Og það er eiginlega öruggt að þú getur ekki annað en brosað þegar þú talar við litlu tásurnar.

Fyrir þá sem leggja mikið upp úr innviði tása er rétt að taka fram að myndavélin ræður við þrjátíu ramma á sekúndu í 320x240 díla upplausn, og fimmtán ramma á sekúndu í 640x480 díla upplausn. Hvort það ræður úrslitum eða ekki er óljóst, en tásamyndavélin er engu að síður sniðug viðbót við handlampann og andlitsblámapottinn.



NÝTT

**Með karmellu-eða
tíramísú bragði**



editions

**Eins og þú
vilt hafa það!**



Færir sig yfir í klassíska kvikmyndatóna

Barði Jóhannsson, oftast kenndur við hljómsveit sína Bang Gang, er að senda frá sér nýja plötu, sem í raun telst formlega vera hans fyrsta sölóverkefni. Tónlist plötunnar er af allt öðrum toga en það sem áður hefur heyrst frá Barða. Í stað framsækkinnar popptónlistar sendir Barði nú frá sér afar drungalegt en formfagurt sínfónískt verk í háklassískum stíl. Að mestu eru útsetningar þó í höndum Þóris Baldurssonar. Platan heitir Haxan og er nú þegar komin út í Frakklandi þar sem hún hefur fengið vægast sagt frábæra dóma. Má þar meðal annars nefna að platan hefur fengið fullt hús hjá Force parallèle, MusiQualité og Evene. Tilurð plötunnar varð hins vegar með frekar óvenjulegum hætti.

HVAÐ ER HAXAN?

Þetta byrjaði þegar ég gerði tónlist fyrir gamla kvikmynd frá 1920 að beiðni kvikmyndahúss í París sem heldur á tveggja mánaða fresti viðburð sem kallast Cinemix. Þá er fenginn höfundur til þess að gera nýja tónlist fyrir gamla mynd. Síðan kom það upp að endurtaka leikinn fyrir Vetrarhátíð og fá Sínfóníuna til þess að spila með. Þá fékk ég líka Þóris Baldursson til þess að útsetja megnið af verkinu. Stuttu seinna fór ég síðan til Búlgaríu þar sem verkið var tekið upp.

EN AFHVERJU VANNSTU MEÐ BÚLGÖRSKU SINFÓNÍUHLJÓMSVEITINNI?

Af því að annars hefði þetta verið ógerlegt. Íslenska sínfóníuhljómsveitin er einfaldlega of dýr.

NÚ ER TÓNLISTIN Á PLÖTUNNI ALLT ÖÐRUVÍSI EN ÞAÐ SEM ÁÐUR HEFUR KOMIÐ ÚT Á PLASTI FRÁ ÞÉR. HEFUR ÞÚ ALLTAF VERIÐ MJÖG HRIFINN AF KLASSÍSKRI TÓNLIST?

Ég hef alltaf haft áhuga á allri tónlist. Ég hlusta mjög mikið á kvikmyndatónlist og sú kvikmyndatónlist sem ég hlusta á er að mestu klassísk. Síðasta sumar samdi ég klassískt verk fyrir óperuhátíð í Suður-Frakklandi og var það byggt upp eins og lítill saga. Ég hlusta á alla tónlist, allt frá klassísk til dauðarokks.

NÚ ÚTSETTI ÞÓRIR STÆRSTA HLUTA VERKSINS, HVENÆR MEGUM VIÐ EIGA VON Á VERKI SEM ÞÚ SEMUR OG ÚTSETTUR ALVEG SJÁLFUR?

Ég útsetti einn hluta núna en þar sem hann hefur miklu meiri reynslu en ég, þá voru fjórtán mínútur alveg nóg fyrir mig. Þó svo að ég hafi útsett fyrir minni sveitir þá er áttatíu manna hljómsveit svolítið mikið. Ég þurfti því að sofa ekkert í þrjá mánuði og rifja upp allt sem ég hafði lært í tónlistarskólanum og rúmlega það.

ÞAÐ TÓK ÞIG SEMSAGT EKKI MEIRA EN ÞRÍJA MÁNUÐI AÐ ÚTSETJA FYRIR HEILA SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT?

Grunnurinn var til staðar. Ég hafði lært þetta allt nema þá kannski að útsetja fyrir svona marga. Ég hef mikla reynslu, hef verið að útsetja og vinna eingöngu í tónlist í þrettán ár. Maður hlýtur að læra eitthvað á því að vera sextán tíma á dag í þessu.

EN FANNST ÞÉR ÞETTA VERKEFNI ÞAÐ SKEMMTILEGT AÐ ÞIG LANGI TIL AÐ VINNA MEIRA MEÐ KLASSÍSKAR TÓN-SMÍÐAR?

Já, ekki spurning. Við í Lady & Bird erum búnir að vera að vinna svolítið með kór. Mér finnst

það mjög skemmtilegt, mér finnst eiginlega allt skemmtilegt. Nema kannski spuna-djass, mér finnst hann ömurlegur.

ÞANNIG AÐ ÞAÐ MÁ EKKI BÚAST VIÐ MIKLUM SPUNA-DJASSI Á NÆSTU PLÖTU?

Nei, mér finnst þegar tónlist er farin að snúast um að spila eins margar nótur og hægt er á einni mínútu en ekki að spila fallega tónlist eða eitthvað sem hljómar vel, þá finnst mér það ekki skemmtilegt. Ég hef að minnsta kosti ekki gaman af því að fylgjast með eða hlusta á eitthvað sem er tæknilega vel gert en hljómar ömurlega. Ég vil þó ekki alhæfa, það er eflaust hægt að finna fallegan og tæknilega vel spilaðan spuna-djass. Þó svo að hann hafi ekki orðið á vegi mínum ennþá.

EN HVERNIG ER ÞÁ MEÐ NÝJU PLÖTUNA, HLJÓMAR HÚN BÆÐI VEL OG ER EINNIG VEL GERÐ?

Ég get náttúrulega ekki talað fyrir aðra en sjálfan mig. Mér finnst hún vel gerð og vel hljómandi. Það eru eflaust einhverjir sem eru ekki á sama máli. Mér virðast þó flestir dómur sem hún hefur fengið vera afar jákvæðir, það er jafnvel við oflof.

Texti: STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON

IN
GRILLO
VERITAS



Fiesta Blue Ember
59.900 kr.

Fiesta Gusto Cabinet
23.900 kr.

Fiesta Gusto 38040
13.900 kr.

Grillaðu í kvöld!

Hjá ESSO fæst úrval gasgrilla á sjóðheitu verði. Þú getur fengið grillið sent heim án endurgjalds, samansett og tilbúið til notkunar. Auðveldara getur það ekki verið. Grillaðu með ESSO í sumar!



*Boðið er upp á heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu.

Guðlaug Jónsdóttir er án efa einn af okkar fremstu arkitektum. Undanfarin fimmtán ár hefur hún tekið þátt í að hanna mörg vel þekkt glæsihótel og fagaða veitinga- og skemmtistaði. Hennar nýjasta verkefni er hönnun á hóteli við Þingholtsstræti sem verið er að byggja þannig að Íslendingar geta brátt kynnst verkum hennar. Guðlaug býr í Los Angeles en er á stöðugu flakki sem gerir það að verkum að hún eyðir næstum því meiri tíma á hótelum og í flugvélum heldur en í sófanum heima. Guðlaug er samt einstaklega lífsglöð og hefur gaman af því sem hún er að gera.



Heims *horna* hönnuður

Þegar blaðamaður Birtu slær á þráðinn til Guðlaugar á sólríkum eftirmiðdegi er hún komin í skokkgallann og á leiðinni út. Líkamsræktinni er því frestað um sinn. Blaðamaður bíður hins vegar ekki boðanna heldur spyr Guðlaugu strax út í hvernig hún hafi hafi endað á þeim stað sem hún er í dag. „Ég kom hingað upphaflega í nám, því þá var ekki kenndur arkitektúr á Íslandi. Ég fékk síðan vinnu hjá Richard Meier, sem er einn frægasti arkitekt Bandaríkjanna, við hönnun Getty listasafnsins. Ég varð því áfram í Bandaríkjunum þótt ég hefði ekki endilega ætlað mér það,“ útskýrir Guðlaug.

HEILLAÐIST AF ARKITEKTÚR Í ÆSKU

Áhuga sinn á arkitektúr og list yfir höfuð rekur Guðlaug allt til þess er hún var mjög ung. „Afi minn var listmálari og ég sat oft með honum að teikna á meðan hann vann sjálfur. Síðan hafði það mikil áhrif á mig að

ég fór alltaf til Ítalíu á sumrin með móður minni og heillaðist algjörlega af borgum eins og Flórens og arkitektúrnum þar. Svo átti ég til að líta út um gluggann á Íslandi og rekast á blokkir sem mér fannst miður fallegar.“ Um sautján ára aldur segist Guðlaug hafa verið viss um að hún vildi gerast arkitekt. Guðlaug er yfirhönnuður hjá einni af fremstu hönnunarstofu Bandaríkjanna, Dodd Mitchell Design. Undanfarin fimm ár hefur Guðlaug hannað hvorki meira né minna en sex hótel, um fimmtán veitingastaði og sitt-hvað fleira. Sem dæmi um hversu gríðarstór og spennandi þessi verkefni eru má nefna að Guðlaug hefur hannað veitingastað fyrir eigaða Asia de Cuba veitingastaðanna, Dolce (veitingastað Ashton Kutcher), hún hefur nýlengi við vinnu á Roosevelt hótelinu í Los Angeles, þar sem Guðlaug sérhannaði meðal annars Clark Gable og Carole Lombard svítu, og akkúrat þessa dagana hefur Guðlaug verið

að vinna að tuttugu hæða lúxus-hóteli á Manhattan. Guðlaug vann einnig um nokkurt skeið sem sviðshönnuður hjá Disney.

SÍGAUNI Í SÉR

Á þeim tíma var Guðlaug með annan fótinn úti í Tókýó þar sem hún kom nærri hönnun á Disney garðinum þar á bæ. Í Japan segist Guðlaug hafa liðið afar vel og að andrúmsloftið þar hafi verið einkar notalegt. En eftir öll þessi ferðalög, hvar líður Guðlaugu best? „Núna undanfarið, eftir að maður er orðinn



Viðtal: STEINÞÓR H. ARNSTEINSSON

Myndir: BECKY COOELIA YEE FRÁ TOKYO

Stílisti: EDDA GUÐMUNDSDÓTTIR FRÁ NEW YORK

Staðsetning: CLARK GABLE / CAROL LOMBARD PENTHOUSE
SVÍTAN Á ROOSEVELT HÓTELINU Í LOS ANGELES

MEIRI VÉL

–en flestir þurfa!

TILBOÐ!



Finepix S5600

Nú á tilboði kr. **36.900.-**

með 512MB korti!

Rétt verð kr. 45.800



10x aðdráttur (38-380mm)
1.1 sekúnda að kveikja á sér
0,01 sekúnda að taka myndir
Hjálparljós fyrir sjálfvirkan fókus
5.1Megapíxlar
ISO 64-1600



LJÓSMYNDAVÖRUR

Skipholti 31, sími 568-0450 ljosmyndavorur.is

**BETRI
MYNDIR!**



aðeins eldri, þá líður mér voðalega vel á Íslandi. Ítalía hefur samt alltaf verið í miklu uppáhaldi og ég hef alltaf verið heilluð af New York. Mér finnst gaman að ferðast út um allt,“ svarar Guðlaug afar glaðlega í gegnum símann. „Ég held að ég sé svolítið sígauni í mér, mér finnst ekkert vandamál að ferðast. Neikvæðustu punktar starfsins eru þó án efa tímamismunur og flugþreyta.“ Eftir langa fjarveru frá gamla góða Íslandi segist Guðlaug sakna margra hluta sem áður hafi jafnvel farið í taugarnar á henni. „Mér finnst alltof mikið af skyndibitastöðum og stundum finnst mér Ísland vera eins og Litla-Hollywood. Fólk virðist vera að vinna of mikið og nú þegar þessi sjarmerandi lífs-tíll sem var á Íslandi, og fólk kunni ekki að meta þá, er farinn þá sér maður svolítið á eftir honum.“ Guðlaug segir þó jafnframt að henni sýnist Reykjavíkurborg vera í mikilli uppsiglingu og nefnir sem dæmi að hún hrífist mjög af væntanlegu tónlistarhúsi. „Ég

held líka að Reykjavík gæti skartað mjög fallegum umhverfisvænum arkitektúr enda hefur Ísland verið í brennidepli varðandi þau málefni,“ heldur Guðlaug áfram og nefnir sem dæmi um umhverfisvænan arkitektúr að fólk hafi notað gamlar gallabuxur sem einangrun í húsum. „Reykjavík á möguleika á að vera fyrirmynd í hönnun. Sérstaklega út af sérstöðu landsins.“

HANNAR HÓTEL Á ÍSLANDI

Guðlaug tók nýlega að sér sitt fyrsta almennilega verkefni hér á landi en hún hefur yfirmsjón með hönnun á nýju hóteli sem rís í Þingholtunum. „Þetta verður nútíma lúxushótel en íslensk náttúra er helsti áhrifavaldurinn. Við erum líka að fá íslenskar listakonur til þess að vinna með okkur og fær hver og ein eitt herbergi til þess að vinna með. Ég hef alltaf haft mjög gaman af því að blanda saman listum og arkitektúr en þá vil ég koma listinni inn í arkitektúrinn.“



Varðandi framtíðina og hvað sé á næsta leiti hjá Guðlaugu segist hún sjálf vera að velta því fyrir sér. „Ég er að reyna að komast að niðurstöðu. Eins og er þá er ég að reyna að klára þau verkefni sem eru í gangi núna en svo langar mig að komast í gott frí. Míg hefur líka alltaf langað til þess að hanna kirkjur og listasöfn, eitthvað sem skiptir máli. Ég hef lært að vera þakklát fyrir það sem maður hefur og ekki að vera að vinna alltaf meira og meira.“ Að lokum getur blaðamaður ekki annað en spurt Guðlaugu hverju hún ráðleggi upprennandi íslenskum arkitektum. „Unga kynslóðin virðist vera svo klár og ég held að hún þurfi ekki á neinum ráðleggingum að halda. Hún þarf einungis að fylgja hjartanu, þannig líður manni best. En annars er ég svo rómantísk, það væri kannski betra að fylgja heilanum öðru hvoru,“ segir Guðlaug að lokum og blaðamaður heyrir bros færast yfir andlit Guðlaugar gegnum heyrnartólið.





Samfélag í Reykjavík

Borgin er fyrst og fremst samfélag - ekki fyrirtæki

Við vinstri græn teljum það hlutverk samfélagsins að sjá um velferðarþjónustuna og viljum tryggja að hún sé veitt á forsendum hvers og eins. Við erum meðvituð um að í hvert sinn sem samfélagslegar eigur eru seldar, er vald framselt frá almenningi til peningavaldsins. Það stríðir gegn sannfæringu okkar um að þörf sé á þátttöku allra í mótun samfélagsins. Gott samfélag þarf á öllum að halda.

Heimaþjónustu og heimahjúkrun ber að samþætta og skipulag þjónustunnar þarf að vera á einni hendi. Sama gildir um ferðaþjónustu aldraðra og fatlaðra. Bæta þarf úr brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými tafarlaust.

**Markmiðið er að allir fái lifað
með reisu alla ævi**
vinstri græn - hreinar línur



VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð

Frumbylingar fyrir fimmtíu árum

Viðtal: GUNNÞÓRA GUNNARSDÓTTIR Myndir: GVA

» Þótt íbúar austustu blokkarinnar við Hjarðarhagann í Reykjavík beri nú titla eins og sálfræðingur, lögfræðingur, bókbindari og leikari þá gengur hún undir nafninu Kennarablokkin. Hún var nefnilega byggð af kennurum. Síðan eru liðin fimmtíu ár en nokkrir frumbyggjanna eru þar enn.

Heiðursmennirnir Þorsteinn Sigurðsson og Sveinbjörn Einarsson sitja að tafla heima hjá Þorsteini þegar blaðamaður Birtu bankar upp á. Báðir voru þeir kennarar við Melaskólann áratugum saman. Þeir búa hvor gegnt öðrum á ganginum við Hjarðarhaga 26 ásamt konum sínum Þórhildi Karlsdóttur og Huldu Hjörleifsdóttur.

Þannig hefur það verið í fimmtíu ár. Þau eru sammála um að samkomulagið hafi alltaf verið einstaklega gott í blokkinni. Íbúarnir ekki verið inni á gafli hver hjá öðrum þótt þeir hittust oft og margir hafi tengst í gegnum starfið. Skákáhuginn hafi þó lengi blómstrað hjá körlunum og konurnar alltaf haft góð samskipti þótt þær hafi ekki gefið sér tíma til að sitja mikið hver hjá annarri og spjalla. Þvottadögum var framan af úthlutað þannig að hverri og einni íbúð tilheyrði hálfur dagur í þvottahúsinu á þriggja vikna fresti.

YFIR 20 BÖRN Í STIGAGANGINUM

Þórhildur, kona Þorsteins býður blaðamanni til sætis inni í bókaherbergi heimilisins. Sjálf sest hún þar í lágan hægindastól sem hún kallar letistólinn! Svo lítur hún í huganum yfir fyrstu búskaparárin á Hjarðarhaganum. „Það var mjög líflegt hér í byrjun. Þá voru yfir tuttugu börn í ganginum en þeim kom ótrúlega vel saman. Þau léku sér mikið úti og

þau eldri pössuðu hin yngri,“ segir Þórhildur og furðar sig á því að sjá aldrei börn úti við núorðið.

Uppi á vegg í bókaherberginu hangir heiðursskjal sem Þorsteinn hefur hlotið fyrir vel unnin störf í þágu sérkennslu á Íslandi og Þórhildur rifjar upp að hann hafi stundað nám sitt í Noregi og fjölskyldan verið þar hjá honum hluta námstímans. Einnig hafi hún búið eitt ár á Hólmavík þar sem Þorsteinn hafi verið skólástjóri. Faðir hennar hafi verið smiður og innréttað íbúðina fyrir þau og allt hafi verið tilbúið þegar þau fluttu inn með tvö börn. „Við eigum þrjú börn, það yngsta fæddist eftir að við fluttum hingað,“ segir hún brosandí. Hún kveðst alltaf hafa verið heimavinnandi og unað sér vel, bæði við skyldustörf og hannyrðir. Auk sinna barna hafi þau hjónin alið upp eitt barnabarn.

JÓSEFÍNA Á NAUTHÓL NÆSTI NÁGRANNI

Þórhildur segir nú búið að taka niður nokkra vegg í íbúðinni til að gera hana opnari og nýtilegri, enda hafi hönnunin boðið upp á það. Enn hefur Þorsteinn þó sitt prentherbergi þar sem hann býr til leshefti og fleiri kennslugögn. Í vel búiinni stofunni er staldrað við hjá Þorsteini og Sveinbirni. Þeir slökkva á taflklukkunni og lýsa í stuttu máli tilurð blokkarinnar. Í endursögn er hún ein-

hvernveginn svona: Það var byggingarsamvinnufélag barnakennara sem gekkst fyrir smíði þessa fjölbýlishúss. Í félaginu voru 36 fjölskyldur sem ákváðu að koma sér upp þaki yfir höfuðið en atkvæðamestur í félaginu var Steinþór Guðmundsson kennari. Hermannabraggar stóðu þar sem síðar kom „kálfur“ út úr blokkinni og lóðin komst ekki strax í stand því þar stóð hús Jósefinu





Þau hafa búið í Kennarablokkinni frá upphafi, Þórhildur Karlsdóttir, Sveinbjörn Einarsson, Hulda Karlsdóttir og Þorsteinn Sigurðsson.

á Nauthól. Byggingarfélagið Byggir tók að sér framkvæmdir en eigendunum gafst kostur á að leggja fram vinnu sína eftir því sem aðstæður leyfðu og fá hana metna. Þeir tóku svo við húsnæðinu fokheldu með miðstöð og innréttuðu það hver eftir sínu höfði. Skúli Nordal arkitekt teiknaði húsið og bjó sjálfur í einni af íbúðunum með sína fjölskyldu.

GRETTISTAK AÐ EIGNAST ÍBÚÐ

„Skúli var einstaklega sniðugur. Hann teiknaði íbúðirnar þannig að auðvelt var að innrétta þær eftir þörfum,“ segir Hulda þegar blaðamaður er kominn inn til hennar. „Við Sveinbjörn erum búin að taka niður ansi marga veggi eftir að börnin fjögur flugu úr hreiðrinu en þá minnkaði líka plássíð fyrir hillur og myndir.“ Hún rifjar upp

frumbýlingsárin. „Það kostaði grettistak að eignast íbúð á þessum árum. Blokkin var að minnsta kosti þrjú ár í byggingu og allt efni hækkaði á meðan. Við fluttum inn í íbúðina gólfdukalause, það tók svo langan tíma að útvega dúkana en það var búið að leigja íbúðina sem við vorum í. Stillansarnir voru líka lengi utan á húsinu eftir að við fluttum inn. Allt var unnið eftir hendinni og

þeim peningum sem til voru. Aðalmálið var að komast inn í sitt eigið húsnæði. Það var yndislegt.“

Hulda segir hafa myndast sérstakt samfélag í blokkinni. „Börnin léku sér skemmtilega þótt á misjöfnum aldri væru, þau mynduðu leikfélag, fóru í gönguferðir og héldu vel hópinn,“ rifjar hún upp.

ALLTAF HEPPIN MEÐ NÁGRANNA

Hulda segir eiginmann sinn hafa unnið tvöfalda vinnu fyrir utan að pússa og innrétta íbúðina sjálfur. „Hann var í póstútbúð á daginn þegar hann var búinn að kenna og svo vann hann öll sumur.“ Sjálf kveðst hún hafa unnið við skólana í nágrenninu, bæði Melaskóla og Hagaskóla. Fyrst í þrifum, svo í kaffinu og síðast við athvarfið í Melaskóla. „Það var afskaplega gefandi að vera með börnunum. Þá var Sveinbjörn hættur að kenna og vann líka við athvarfið ásamt fleiri kennurum. Okkar krakkar voru farnir í nám erlendis og við höfðum ágætan tíma,“ segir hún.

Öll eru þau Þórhildur og Þorsteinn og Hulda og Sveinbjörn samtaka í að bera lof á nágrennana sem þau hafi átt gegnum tíðina og þótt Hulda viðurkenni að hana hafi á tímabili langað að eignast raðhús þá er hún ánægð í kennarablokkinni nú. „Við vonum bara að við getum verið hér sem lengst.“ er samdóma álit þeirra allra.



Sveinbjörn og Þorsteinn sitja löngum að tafli.



Þórhildur og Þorsteinn hafa alið upp þrjú börn og eitt barnabarn.



Þótt þær Þórhildur og Hulda fái sér stundum kaffisopa saman þá eru þær ekki inni á gafli hvor hjá annarri. Hér er þær heima hjá Þórhildi.



Sveinbjörn og Hulda eru samhent hjón. Auk þess að ala upp fjögur börn sín unnu þau saman um tíma í Melaskólanum.



Fimmtíu ár eru frá því fyrstu íbúarnir fluttu inn í Kennarablokkina við Hjarðarhagann.



Jói
Fel

Veislupjónusta að hætti Jóa Fel



- allt eftir þínum óskum!

Kleppsvegi 152
Smáralind

Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 8 - 16.
Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10 - 18. Sun. 12 - 18.

Pantanir í síma:
588 8998

Hrein húð - tær snilld!



Hreinsar burt fitu og óhreinindi
úr húðinni og dregur úr bólumyndun



Burt með eymslin!



Kælið

DEEP FREEZE hlaupið er afar fljótvirkt efni sem snöggkælir sársauka í vöðvum, sinum eða liðamótum. Meðferðin jafngildir góðum köldum bakstri en hefur jafnframt þann eiginleika að ná vel til vöðva. Hlaupið er borið á auma staðinn og því nuddað inn í húðina.

DEEP FREEZE úðinn snöggfristir svæðið sem á að meðhöndla og virkar því eins og staðdeyfilyf. Úðinn hentar vel til að lina sársauka vegna tognunar, mikils álags, gigtar- eða vöðvaverkja, þursabits eða krampa.

Hitar

DEEP HEAT áburðurinn er notaður til að meðhöndla hvers kyns eymsli, gigtaverki og vöðvabólgu. Í áburðinum, sem virkar mjög fljótt, er blanda valinna lyfja sem hita húðina, mýkir auma og stíðra vöðva eða vefi og bægir frá sársauka, t.d. vegna mars eða annarra meiðsla. Áburðurinn er fitulaus og smitar því ekki út frá sér í föt eða rúmföt.

Fæst einnig í handhægum úðabrúsa og í vökvaformi til að setja út í baðvatn.

Fæst í Lyfju, Apótekinu, Lyf & heilsu og apótekum landsins

Aspas í matinn

Íslendingar hafa verið duglegir að nota niðursoðinn aspas í hina ýmsu rétti. Ferskur aspas fæst hins vegar orðið víða og að sjálfsögðu er margt hægt að gera úr honum líka. Eitt það einfaldasta er að sjóða aspasinn og bera hann fram með soðnu eggj, smjöri eða ólífúolíu og nóg af parmesanosti.

Í raun er ekki hægt að gefa upp ákveðið magn þegar kemur að þessari hugmynd að góðum grænmetisrétti. Hægt er að kaupa að minnsta kosti þrjár gerðir af ferskum aspas hér á landi og þær er allar hægt að nota. Aspasinn er gott að bera fram sem forrétt en hann er ekki síðri sem aðalréttur í meira magni og með góðu brauði.

Ferskur aspas, 4-5 stk. á mann
Egg, eitt á mann
Smjörklípa eða góð ólífúolía
Rifinn parmesanostur
Salt og pipar ef vill

Snyrtið aspasinn, getur þurft að skera rúmlega 2 cm af honum ef afskorni endinn er mjög trosnaður. Sjóðið í nokkrar mínútur en suðutími fer algjörlega eftir stærð stönglanna. Sjóða þarf aspasinn þar til mjúkt er að stinga í hann með oddhvössum hníf. Sjóðið egg. Best er að hafa þau í linari kantinum, jafnvel mjög lítið soðin svo rauðan springi yfir aspasinn. Þerrið aspasstönglana og setjið heita á disk. Smjör eða olíu yfir. Því næst egg og nóg af parmesanosti. Salt og pipar ef vill. Einnig er gott að bera aspasinn fram á fersku klettasalati ef um stærri máltíð er að ræða.

Umsjón HALLA BÁRA GESTSDÓTTIR
Mynd GUNNAR SVERRISSON



- Kirsuberjatómatar eru smávaxnir og sérlega bragðgóðir. Bragðið er sætt og afgerandi. Þeir henta mjög vel til að bragðbæta og skerpa salöt eða sem „grænmetisbitinn“ í nestisboxið.



- Þessir hefðbundnu sem allir þekkja – alltaf jafngóðir, hvort heldur sem er ofan á brauð eða til matargerðar, sjálfsagður hluti af heimilishaldinu.

- Plómutómatar einkennast af góðu, kröftugu bragði, þeir eru kjötmiklir og henta því vel sem álegg og í hverskonar matreiðslu, tómatósúr og pottretti.



- Konfektómatar eru mildir og sætir á bragðið, minni en hefðbundnir tómatar, en stærri og kjötmeiri en kirsuberjatómatar.



Íslenskir tómatar

TÓMATAR ERU HOLLIR OG LJÚFFENGIR, LITFAGRIR OG ÓMISSANDI Á MATBORÐIÐ. ÍSLENSKIR GRÆNMETISBÆNDUR BJÓÐA NEYTENDUM UPP Á MARGAR TEGUNDIR SEM AUKA FJÖLBREYTNINA OG MÖGULEIKANA. NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ PRÓFA ÞÆR ALLAR.

www.islenskt.is ljúffengar uppskriftir og fróðleikur





FRESITA:

Í nýrri flösku og á kynningarverði

Vinsælasta freyðivín á Íslandi undanfarin ár er Fresita frá Chile. Nýverið var flaskan endurhönnuð auk þess sem vínið er þennan mánuðinn á kynningarverði í vínbúðum í tilefni af þemadögum til-einkuðum Chile.

Fresita er ferskt og mjúkt vín með einstaka bragðfyllingu og hentar vel sem fordrykkur eða vín með eftiréttum. Konur hafa tekið Fresita opnum örmum og vínið er sérstaklega vinsælt hjá ungu fólki. Það er ákaflega góður grunnur fyrir kokkteila, t.d. ef blandað er í það smá lögg af rommi, koníaki, vodka, tekíla eða líkjör.

Á heitu sumarkvöldi á því herrans ári 1717 rakst landkönnuðurinn Amedee Frezier á blóðrauðan ávöxt, þar sem hann var á ferðum sínum um hið nýfundna land Chile. Frakkanum forvitna þótti ávöxturinn fagurrauði hafa einstaklega sætan og höfugan ilm og bragðast yndislega. Hann var ákaflega uppnuminn yfir fundi sínum og færði frönsku konungshirðinni fyrstu jarðarberjaplönturnar, sem Spánverjar nefndu Fresita, við heimkomu sína. Franska drottningin tók miklu ástföstri við berin blómlegu og kaus að njóta þeirra með daglegu kampavínsglasi sínu. Komst þessi samsetning í tísku og nú hafa Chilemenn sameinað þessi tvö dýrðlegu hráefni í einum drykk.

Kynningarverð á Chiledögum í vínbúðum 790 kr.



Aðstoðum ykkur við smærri og stærri útskriftarveislur



Snittur, ostabakkar, osta og salami veisla.



OSTABÚÐIN *Delicatessen*

Skólavörðustíg 8, 101 Reykjavík – Pöntunarsími: 562 2772

Flott og litrík sumartíska!

Kynning

Nú er litadýrðin heldur betur að taka við sér enda mikið af frábærum sumardögum framundan. Fallegir, síðir og stuttir kjólar í nánast allri litaflorunni eru nú áberandi í verslunum en heitu litirnir eins og rauður, appelsínugulur og bleikur eru áberandi sem og græni liturinn. Hvítir og svartir kjólar eru klassískir en kjólar í mosagrænum lit eru einnig vinsælir og þá sérstaklega á þessum árstíma.



Benetton / Sisley - Smáralind
Kr. 6.995



NEXT - Kringlunni
Kr. 8.990



Gallerí 17 - Kringlunni
Kr. 3.990



NEXT - Kringlunni
Kr. 4.590



Noa Noa - Kringlunni
Kr. 6.990



Companys - Kringlunni
Stuttermabolur kr. 2.990,
bolur innan undir kr. 3.490



NEXT - Kringlunni
Kr. 2.790



Companys - Kringlunni
Peysa kr. 3.990,
bolur kr. 2.990



Gallerí 17 - Kringlunni
Kjöll kr. 2.990. Bolur innan
undir kr. 1.690



Gallabuxnabúðin - Kringlunni
Röndóttur bolur kr. 2.490,
hlýrabolur kr. 990, gallapils
kr. 3.950



KISS - Kringlunni
Kr. 4.990. Til í svörtu & hvítu. Hægt
að rykkja efra stykki á öxlum.



KISS - Kringlunni
kvart buxur kr. 4.990. Einnig til síðar
á kr. 5.990



BELLEVILLE

BRIM



Fínar en fjörugar

Stuttbuxur eru álíka samtengdar sumrinu og geitungur, nema að líta má á suttubuxur sem hið jákvæða og geitungana sem hið neikvæða. En stuttbuxur eru ekki bara stuttbuxur, þær fylgja farvegi helstu tískustrauma eins og annar fatnaður.

Stuttbuxur eiga ekki einungis að tengjast einhverjum íþróttum, jafnvel þó að HM sé í sumar. Þvert á móti er mun svalara að vera í aðeins öðruvísi stuttbuxum.

Þær geta verið fínar, nánast eins og jakkafatabuxur en þó er miklu sumarleggra ef þær bera skemmtilegt mynstur. Flottast er yfirleitt að hafa stuttbuxurnar sirka hnésíðar, sem hentar vel hér á landi. Ef hins vegar verður of heitt í veðri hafa gömlu góðu tennisstuttbuxurnar verið að koma sterkar inn, þínu hallærislegt en samt flott hallærislegt.

SPÚÚTNIK



KRONKRON



KRONKRON



SPÚÚTNIK



KRONKRON



SPÚÚTNIK



Charlize Theron í flottum safari-stuttbuxum sem hafa verið vinsælar hjá stelpum að undanfögnu.

Summer 2006



Þitin: Gull @ 5.995.-



Þitin: Svart og brúnt @ 5.995.-



Þitin: Svart, hvítt og bleikt @ 3.995.-



Þitin: Hvítt, blátt og brúnt @ 3.995.-



Þitin: Svart, blátt, orange og cremad @ 3.995.-



Þitin: Silfur og gull @ 4.995.-



Þitin: Svart, hvítt og blátt @ 2.995.-



Þitin: Hvítt og svart @ 9.995.-



Þitin: Brúnt og svart @ 5.995.-



Þitin: Rautt og svart @ 4.995.-



Þitin: Silfur @ 3.995.-



Þitin: Rautt, blátt og bleikt @ 3.995.-

skór.is

KRINGLAN ■ SMÁRALIND
www.skor.is

Texti: HALLA BÁRA GESTSDÓTTIR
Myndir: IKEA, HABITAT.

Heimilið úti

Galdurinn við að búa sér til fallegan garð er að gera heimilið úti framhald af því sem er inni. Við stöndum inni og horfum út - sjáum það sem er okkar teygja sig út í náttúruna.

Vönduð útihúsgögn og vel hönnuð, rómantísk, einföld, suðræn. Fjölbreytileikinn er mikill í þessari flóru og hægt að skapa sér þá umgjörð sem maður sækist eftir - án þess þó að rétta veðrið fylgi með. Þrátt fyrir að ekki sé hægt að stóla á það eru garðar, pallar, verandir og svalir sem hugsað er

um út frá heimilinu í heild, upp- lifgandi og sumarlegar að njóta á góðum dögum ... eða bara til að horfa á og minna mann á sumarið. Fallett umhverfi úti við sem er framhald af heimilinu er gefandi og slakandi. Fátt er yndislegra en að geta setið úti langt fram eftir á íslenskri sumarnótt.

Íslenskar húsbúnaðarverslanir eru farnar að leggja mikla áherslu á sumurvörur og mikil umskipti hafa átt sér stað í vöruúrvali. Sé heimilið einfalt og



Fyrir þá sem hafa garð og rými í smá sumarleiki þá er um að gera að nota hugmyndaflugnið og gera sem mest úr sumrinu eins og þessi mynd frá IKEA sýnir.



Hvít húsgögn frá IKEA. Upplögð fyrir þá sem sækja í skandinavíska sveitastílinn og vilja leika sér með hvítan og rómantíska liti. Jafnframt fyrir þá sem vilja hafa umgjörðina látlausa.



Húsgögn sem bæði ganga inni og úti. Með þeim er einfalt að framlengja heimilið út á við. Mynd frá Habitat.



Húsgögn frá Habitat en fyrirtækið hefur í gegnum tíðina lagt mikið upp úr því að hafa heimilið úti sem fallegast.



Húsgögn frá IKEA. Hlutlaust og afslapað. Yfirbragð sem hæfir hvaða heimili sem er.

minimalískt er líklegt að vilji sé til að hafa útihúsgögn í sama anda. Skandinavíska sveitarómantíkin er mjúk, getur haft hvítt yfirbragð en liti í bland og hæfir úti í mörgum samsetningum. En það eru ekki bara húsgögnin sem skipta máli. Allir aukahlutirnir eru orðnir aðalat- riðið. Þeir skapa umgjörðina og það sem sóst er eftir. Sólhlífur, kertaker, matarstell, glös, ísmulningsvélar, dúkar, sólbekkir, púðar og pullur. Þessir hlutir búa til stemninguna og færa okkur miklu nær sumrinu. Að setja saman sumarlega hluti

til að búa sér til fallegan reit úti við, er mjög skemmtilegt og margir leyfa sér að ganga lengra í mynstrum og litagleði en inni. Rík áhersla er síðan til að benda á það að stærðin skiptir ekki máli þegar kemur að því að njóta sumarsins úti.

Það gilda hins vegar sömu lög- mál þegar kemur að því að búa sér til sitt útisvæði og um heimilið almennt. Jafnvægi milli forms og rýmis, ljósra og dökkra lita, áferðar og yfirbragðs. Skreytum með blómum í vasa, ávöxtum í skál, borðum úti og verum úti.



HVAR ER ÞITT EGO?



BENSÍN DÍSEL

KVITTUN FYLGIR ÁVINNINGUR!



ego

Ódýrt eldsneyti + ávinningur!

www.ego.is

Emilía Örlygisdóttir elur upp



Lítið er móður ungs manns gaman

Eitt af því skemmtilega við að eiga barn er það að margt sem var alveg hætt að hafa áhrif á mann verður aftur jafn spennandi og þegar maður var sjálfur barn. Fyrstu jólin með syni mínum voru til dæmis skemmtilegustu jól sem ég hafði upplifað í ein fimmtán til tuttugu ár. Þrátt fyrir að hann skildi ekki alveg hvað væri að gerast höfðu jóla ljósín, jóla skrautið, jólamaturinn, jóla fötin og jólaþakarnir allt í einu ótrúlega sterk áhrif á mig aftur.

Afmæli urðu líka allt í einu ofsalega skemmtileg aftur eftir að ég varð mamma. Afmæli sonar míns er náttúrulega alltaf mjög skemmtilegt en það sem kom mér mest á óvart var að mitt afmæli, sem ég hafði varla tekið eftir í mörg ár, varð líka skemmtilegt því að ég fór að nota það til þess að gera eitthvað sniðugt með syni mínum.

Alls kyns hlutir sem ég hafði upplifað í mörg ár án þess að finnast mikið til koma urðu allt í einu að litlum hátíðarstundum. Það að baka köku og borða hana og drekka kalda mjólk með varð algjör veisla, ferð í Húsdýragarðinn jafnaðist á við ævintýraferð til Afríku og ein nótt í tjaldi var betri en vikudvöl á fimm stjörnu hóteli.

Stundum verða líka atvik sem mér einni hefði ekkert þótt skemmtileg, skemmtileg af því að hann er að njóta þeirra. Um síðustu jól fórum við norður og á leiðinni til baka urðum við veðurteppt í Staðarskála að kvöldlagi þar sem Holtavörðuheidið var ófær. Við tókum því bara herbergi á leigu á gistiheimili þarna og sváfum þar um nóttina. Ef ég hefði verið ein hefði þetta farið óstjórnlega í taugarnar á mér, en þar sem sonur minn var með og fannst þetta ótrúlega spennandi varð þetta allt í einu að skemmtilegu ævintýri.

Um daginn þurfti ég svo að fara og láta setja sumar-dekkin undir bílinn minn en ég var búin að draga það mjög lengi þar sem ég nennti alls ekki að sækja dekkinn í geymsluna, drösla þeim út í bíl og finna svo eitthvert verkstæði þar sem ég gæti látið skipta. Þegar ég sótti son minn á leikskólann daginn sem ég var búin að ákveða að eyðileggja með þessum leiðindum, brosti hann út að eyrum þegar hann vissi hvað við værum að fara að gera og vildi endilega hjálpa til. Það varð svo bara ótrúlega gaman að hjálpast að við að rúlla dekkjunum úr geymslunni og út í bíl og verkstæðisferðin varð hin besta skemmtun þar sem sonur minn fylgdist af athygli með öllu sem þar fór fram.

Stundum er sagt að lítið sé ungs manns gaman og ég veit af eigin reynslu að það er alveg rétt. Ég er hins vegar búin að komast að því líka að alveg jafn lítið er móður ungs manns gaman.



Dýrin heimsótt

Börn hafa gaman af því að skoða dýr og grúpplagt er að bregða sér með börn í dýragarðinn Slakka í Laugarási í Biskupstungum. Þar má sjá íslensku dýrin í miklu návígi og hafa af því mikla skemmtun. Í garð-

inum eru um átján tegundir af húsdýrum og hefur hver dýrategund sitt hús og girðingu. Húsdýragarðurinn opnar 1. júní fyrir almenning en opnar á morgun fyrir hópa.

Áfram strætó

Flestum börnum finnst gaman að ferðast í strætó og sérstaklega ef þau fara venjulega allra sinna ferða í einkabílum. Stundum getur verið ágætt að skilja bílinn bara eftir heima og fara með börnin í bæinn í strætó. Foreldrar og börn geta þá setið saman og talað um það sem fyrir augu ber á leiðinni. Svo má líka fara í óvissuferðir í strætó og þeir sem hafa ekki notað nýja leiðakerfið geta prófað að fara upp í næsta strætó og athugað hvar ferðin endar, en það getur verið spennandi ævintýri fyrir börn og fullorðna.



Saman í sumarbústað

Sumarbústaðaðferðir með fjölskyldunni geta verið virkilega skemmtilegar og börnin njóta þeirra venjulega alveg í botn. Þeir sem ekki eiga sumarbústað geta oft fengið bústað lánaðan eða leigðan í einhvern tíma og ein helgi í bústað getur verið endurnærandi fyrir alla fjölskyldu-

meðlimi. Best er ef ekkert sjónvarp er í bústaðnum og fjölskyldan þarf að gera eitthvað skemmtilegt saman, spila á spil, segja sögur eða fara í gönguferðir í nánasta umhverfi. Allt hefðbundið áreiti hverfur og allir geta notið þess að eiga góðan tíma saman.





Aðeins það besta fyrir baðherbergið



d line
Heimsklassa hönnun



ASETA

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aseta@aseta.is www.aseta.is



Girnilegt og gott

Fimm frábær bakarí og kaffihús
sem gæla við bragðlaukana



Suðurverri • Glæsibæ • Húsgagnahöllinni • Mjódd • Smáratorgi

Góðir staðir fyrir fjölskylduna

Það er mikilvægt fyrir fjölskylduna að gera hluti saman. Börn, unglingar og fullorðnir verða að finna tíma og sameiginlegan grundvöll svo samverustundirnar verði ánægjulegar. Einfaldir hlutir eins og að horfa á sjónvarp eða spila spil geta gert gæfumuninn. Best er þó að fjölskyldan taki sig saman og eyði deginum á skemmtilegum stað að gera skemmtilega hluti.

FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn í Laugardal er frábær staður. Þar geta börnin bæði lært og leikið í öruggu umhverfi. Íslensku húsdýrin heilla jafnt unga sem aldna og fjölskyldugarðurinn býður upp á mörg leiktæki. Þangað er tilvalið að fara á góðviðrisdögum, grilla pylsur og slappa af í sólinni. Á vorin er garðurinn fullur af ungvíði og því sérstaklega gaman að kíkja í heimsókn.



SUNDLAUGAR

Sundlaugarnar sem dreifðar eru víðs vegar um landið eru algjörar þjóðargersemar. Heita vatnið gerir okkur kleift að fara í sund og heitan pott allan ársins hring. Sundlaugar eru líka frábær leikvöllur fyrir fjölskylduna. Það er sama hvort rigni, snjó eða sólin skíni, það er alltaf gaman að leggja sig í bleyti. Útsýni margra sundlauga á landsbyggðinni er líka alveg ótrúlegt.



ÞINGVELLIR

Fram, fram, aldrei að víkja. Þingvellir eru gullfallegr og uppfullir af töfrum og þjóðsögum. Þar eru sögufrægar slóðir og auðvelt er að vekja áhuga ungra huga á Íslendingasögum þar sem víkingarnir skröfuðu. Peningagjáin er hulin dulúð og Öxarárfoss er flottur og auðvelt er að komast að honum. Þingvallavatn er líka fullt af fiski, þó fæstir þeirra séu stórir og tilvalið fyrir veiðimenn að stíga sín fyrstu spor. Þeir sem ekki hafa áhuga á veiðinni geta lagst í kjarrið og lesið góða bók.

Ekki láta appelsínuhúðina í friði:
raunhæfur árangur hjá 85%*

PERFECTSLIM

EFTIR 24 TÍMA

MINNI APPELSÍNUHÚÐ + STINNANDI ÁHRIF

■ PerfectSlim inniheldur niðurbjótandi efni
gegn fitu, vinnur gegn appelsínuhúð sem safnast
hefur fyrir á lærum og rassi.

■ Bætt með Par-Elastyl™, sem sléttir og stinnir
húðina stig af stigi.

Árangur:

Eftir 8 daga: +41% þéttari, +89% stinnari**


Eftir 15 daga: -1 cm minna ummál á lærum***

Viltu vita meira: www.lorealparis.com

BODY-EXPERTISE. ÞÍN EIGIN FEGRUNARÆÐGERÐ.

ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.

L'ORÉAL
PARIS



Fitubrennsla



Fitubrennsla

* Prófað á 50 konum í 2 vikur
** Mælt með þ.t.g. tækjum á 24 konum
*** Prófað á 50 konum

belladonna

Hlíðarsmára 11 • Kópavogi • sími 517 6460 • www.belladonna.is

Nýjar vörur frá No secret.

St. 42-56



Opíð mán-fös 11-18 • laugardaga 11-15



FERÐAMÁLASKÓLINN
ICELAND SCHOOL OF TOURISM

www.mk.is

Vertu á flugi í vinnunni

Flugþjónustunám

Undirbúningsnám fyrir þá sem vilja starfa
í farþegarými flugvéla.

Námið er ein önn, 14 vikur, og hefst í lok ágúst.
Kennt er síðdegis mán. - fim. og frá hádegi föstudaga.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 21 árs aldri, vera með
stúdentspróf eða annað sambærilegt nám og hafa gott
vald á tveimur erlendum tungumálum.

Innritun lýkur 31. maí

